



Yngvi Óttarsson

[Redacted]
[Redacted]
[Redacted]
[Redacted]

Reykjavík, 13. maí 2022.

Ásdís Eva Hannesdóttir, formaður stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins, hefur f.h. stjórnar óskað þess að ég svari erindi þínu frá 3. maí sl. varðandi rafrænar kosningar til stjórnar sjóðsins.

Stjórnin telur kosningarfyrirkomulagið sem boðað var 22. og 23. apríl sl., þ.e. að sjóðfélögum Frjálsa býðst að kjósa annaðhvort rafrænt fyrir ársfundinn eða skriflega á ársfundinum sjálfum, vera í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

Sú breytingartillaga sem þú vitnar til og lögð var fram á síðasta ársfundi laut einungis að því að heimilt yrði að framkvæma rafrænar kosningar eftir ársfund og á fundinum sjálfum. Stjórnin telur því ekki rétt að álykta sem svo að framkvæmdin nú sé samkvæmt tillögu sem var felld á síðasta ársfundi.

Þá lætur stjórnin þess getið að fyrir síðasta ársfund var sama fyrirkomulag varðandi stjórnarkjör aðalmanna boðað, þ.e. að sjóðfélögum Frjálsa býðist að kjósa annaðhvort rafrænt fyrir fund eða skriflega á fundinum sjálfum. Á þeim tíma óskaði stjórn álits Gests Jónssonar, lögmanns, hvort sú fyrirhugaða framkvæmd samrýmdist samþykktum sjóðsins og taldi lögmaðurinn að svo væri. Ekki kom til kosninga á ársfundinum 2021 þar sem sjálfkjörið var í stjórn.

Væri ætlunin að útiloka að kosning stjórnar fari fram með tvennum hætti, þ.e. annars vegar geti sjóðfélagar kosið rafrænt fyrir ársfundinn eða hins vegar valið þann kost að mæta á ársfund og kjósa þar skriflega, hlyti slíkt að þurfa að koma fram í samþykktum sjóðsins. Svo er ekki. Vilji stjórnar er að tryggja þeim sem atkvæðisrétt hafa auðvelda leið til þess að nýta atkvæðisrétt án þess þó að hætta sé á að atkvæðisrétturinn verði misnotaður. Mat stjórnar byggist á því að með framangreindu fyrirkomulagi sé aðgengi sjóðfélaga að kosningunni aukið og komið til móts við þá sjóðfélaga sem ekki eru með rafræn skilríki á sama tíma og tekin eru skref í stafrænni vegferð sjóðsins. Þá sé fyrirkomulagið ennfremur í samræmi við ákvæði samþykktu, n.t.t. grein 5.4.3 þess efnis að einn dagskrárliður ársfundar sé stjórnarkjör og/eða kynning á niðurstöðum rafrænna kosninga, ef við á.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á framkvæmd kosningarinnar og hefur birt reglur sem lúta að málsmeðferð á ársfundi sjóðsins. Stjórnin hefur gætt þess af bestu getu að tryggja að kosningin sé í reynd leynileg og vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við lög. Í þessu skyni hefur stjórnin m.a. gert samkomulag við Advania, Fugla og Arion banka varðandi tæknilega útfærslu kosninganna. Við framkvæmd rafræna



hluta kosningarinnar er stuðst við viðurkennt kerfi Advania, sem er öryggisvottað samkvæmt ISO 27001 öryggisstaðli. Kerfið á að tryggja annars vegar nauðsynlegan aðskilnað kerfa, og þar með að ekki sé hægt að rekja atkvæði til ákveðins einstaklings, og hinsvegar eru til staðar nákvæmir ferlar og aðskilnaður hlutverka sem tryggja nauðsynlegt öryggi við framkvæmdina. Þá hefur stjórnin leitað til KPMG um að leggja til sérfræðing sem hafi eftirlit með framkvæmd kosninganna og atkvæðatalningu og frambjóðendum býðst jafnframt að tilnefna fulltrúa til að fylgjast með atkvæðatalningunni.

Samkvæmt upplýsingum frá Advania býður kerfið upp á staðfestingu á því að rafrænu atkvæði hafi verið skilað í kjörkassann. Upplýsingar um hverjir hafa skilað inn rafrænu atkvæði verða sóttar fyrir ársfundinn svo hægt sé að tryggja að enginn geti kosið tvisvar. Starfsmaður Advania sækir framangreindar upplýsingar úr kerfinu og sendir með dulrituðum og rekjanlegum hætti til starfsmanns Fugla, sem sjá um skriflega hluta kosninganna, til að merkja á kjörskrá þá aðila sem kusu rafrænt, þannig að enginn geti kosið tvisvar.

Eins og fram kemur í reglum stjórnar um framkvæmd ársfundar og rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar verða niðurstöður úr rafræna hluta kosninganna sóttar samhliða talningu úr skriflegri kosningu á ársfundi. Gögn um atkvæðagreiðslu eru geymd á dulrituðu formi hjá Advania og verður eytt þegar ekki eru lengur fyrir hendi lögvarðir hagsmunir af varðveislunni sem er í síðasta lagi við lok ársfundar á næsta ári.

Virðingarfyllst,


Hilmar Gunnarsson, lögmaður

Fylgiskjal:

Endurrit tölvupósts Yngva Óttarssonar til Arnalds Loftssonar.

Bréf þetta er jafnframt sent í tölvupósti á netföngin:

sedlabanki@sedlabanki.is

@sedlabanki.is

Sæll Arnaldur,

Ég bið þig að koma neðangreindu erindi til stjórnarformanns Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Ég sé að boðað hefur verið til ársfundar Frjálsa lífeyrissjóðsins þann 23. maí og kosning til stjórnar á að vera rafræn, a.m.k. að hluta.

Þó að það sé framfaraskref að hafa rafræna kosningu þá samræmist fyrirhuguð framkvæmd ekki samþykktum sjóðsins eða því sem almennt tíðkast um rafrænar kosningar.

Þannig tel ég ekki heimilt að láta kosningu fara bæði fram með rafrænum hætti og einnig skriflega á ársfundinum. Ákvæði 4.1. í samþykktum er skýrt um að ef ákveðið sé að hafa rafræna kosningu, þá standi hún í eina viku fyrir ársfund og niðurstaða kosningar tilkynnt á ársfundi. Ekkert svigrúm er fyrir annars konar kosningu ef ákveðið er að hafa rafrænt kjör.

Á síðasta ársfundi vildi stjórn fella framangreint ákvæði út, m.a. með þeim rökstuðningi að þá gæti kosning átt sér stað „fyrir og eftir ársfund og á fundinum“. Þessu var mótmælt og tillaga stjórnar sem að þessu miðaði var felld á ársfundinum. Með skriflegum kosningum á ársfundi, til viðbótar við rafrænt kjör, þá er farið gegn samþykktum sjóðsins og reynt að framkvæma tillögu sem var felld á síðasta ársfundi.

Ég get því ekki betur séð en að framkvæmdin sé ólögleg og hvet stjórn sjóðsins til að falla frá þessari fyrirætlun og hafa kosninguna eingöngu rafræna. Við þetta má svo bæta að mér er ekki kunnugt um að aðilar sem hafa rafræna kosningu láti einnig kjósa á ársfundum. Þá er ljóst að þessi háttur mun lengja ársfundinn að óþörfu.

Þessu til viðbótar, þá vakna ýmsar spurningar upp um persónuvernd og leynilegar kosningar enda reglur stjórnar frekar takmarkaðar.

Þannig segir í fundarboði að þeir sem kjósa rafrænt geta ekki greitt atkvæði á ársfundinum sjálfum. Þannig er ljóst að aflað verður upplýsinga um a.m.k. hverjir hafa kosið rafrænt. Hvernig verður það gert og hver mun gera það og hver hefur aðgang að þeim upplýsingum?

Þá má spyrja hver sér um framkvæmd kosninganna af hálfu Frjálsa, hvernig er staðið að persónuvernd og leynd kosninga, hver fær upplýsingar um niðurstöður úr rafrænu atkvæðagreiðslunni, hvernig er staðið að geymslu og eyðingu gagna um atkvæðagreiðsluna?

Afrit af tölvupósti þessum er sendur á fjármálaeftirlit Seðlabankans til upplýsinga.

Kv. Yngvi.